



Formannafundur 13. nóvember 2013 kl 18.00 að Varmá.

Dagskrá fundar.

1. Kynning á verkefninu framtíðin (Viðar Halldórsson kynsir).
2. Kynning á ráðningu verkefnastjóra.
3. Greinargerðir frá deildum v skiptingar á afreksstyrk.
4. Önnur mál.

Mættir voru.

Auður Gunnarsdóttir aðalstjórn, E.Hekla Klemenzdóttir aðalstjórn, Guðjón Helgason aðalstjórn, Ólafur Óskarsson frjálsar, Hlynur Guðmundsson frjálsar, Bjarki Már Sverrisson knattspyrna, Guðbjörg Fanndal Torfadóttir knattspyrna, Lára B Helgadóttir aðalstjórn, Meisam Rafiei taekwondo, Jónas P Aðalsteinsson sund, Salome Rut Harðardóttir sund, Árni Magnússon badminton, Guðrún Kristín Einarsdóttir blak, Andrea Magdalena Jónsdóttir karate, Anna Hlíf Svavarsdóttir fimleikar, Miglena Apostolova blak, Haukur Skúlason Taekwondo, Inga Lilja Lárusdóttir handbolti, Jóhann Már Helgason framkvæmdastjóri, Indriði Jósafatsson íþróttastjóri, Konráð Ólavsson verkefnastjóri.

Guðjón Helgason setti fundinn kl:18.05 og bauð viðstadda velkomna og gaf Viðari Halldórssyni orðið.

1. Kynning á verkefninu framtíðin.

Viðar Halldórsson hóf kynningu á verkefninu rakti tilurð þess og aðkomu Aftureldingar sem nú er að fara af stað með innleiðingu á verkefninu. Hann fór einnig yfir helstu atriði og markmið verkefnisins. Nánari kynning mun svo fara fram með öllum þjálfurum félagsins á næstu vikum og mun Indriði í samstarfi við Viðar kynna það nánar og boða þjálfar á kynningarfundum. Að lokinni kynningu var boðið uppá spurningar úr sal sem Viðar svaraði. Fundarmenn lýstu ánægju með að félagið fari í verkefnið og þökkðu Viðari fyrir góða kynningu með lófataki.

Að loknum þessum lið hófst svo venjubundin formannafundur og hann sátu:

Inga Lilja Lárusdóttir handbolti, Jónas P Aðalsteinsson sund, Guðrún Kristín Einarsdóttir blak, Anna Hlíf Svavarsdóttir knattspyrna, Guðbjörg Fanndal Torfadóttir knattspyrna, Lára B Helgadóttir aðalstjórn E.Hekla Klemenzdóttir aðalstjórn, Guðjón Helgason aðalstjórn, Auður Gunnarsdóttir aðalstjórn.

Einnig sátu fundinn Indriði Jósafatsson íþróttastjóri, Konráð Ólavsson verkefnastjóri og Jóhann Már Helgason framkvæmdastjóri.

2. Kynning á ráðningu verkefnastjóra.

Guðjón kynnti til leiks nýráðinn verkefnastjóra félagsins Konráð Ólavsson og fór yfir ráðningarferlið. Konráð tók til máls og fór yfir starfsferil sinn svo og hvaða verkefnum hann mundi aðallega sinna en það eru helst fjármál svo og skráningarmál ásamt ýmsum öðrum verkefnum í samvinnu við Indriða,

sem tekur við framkvæmdastjórstöðunni þegar Jóhann lætur af störfum.
Þeir Indriði og Konráð munu móta þessi nýju störf í samvinnu við stjórn félagsins.

3. Greinargerðir frá deildum v skiptingar á afreksstyrk.

Stjórnin upplýsti að 6 deildir hefðu sent inn greinargerðir v málsins og að unnið væri að því að lesa þær yfir. Umræður spunnust og upplýsti Jóhann að stefnt væri að því að búið yrði að fara yfir málið fyrir næstu úthlutun.

4.Önnur mál.

a)Indriði lagði fram bækling frá ÍSÍ sem ber heitið „Aðgerðaráætlun gegn einelti og annari óæskilegri hegðun“ og lagði til að félagið mundi setja sér heildstæða stefni í þessum málum. Vel var tekið í það.

b)Indriði og Auður fóru yfir stöðu undirbúnings uppskeruhátíðar með fundarmönnum. Málin rædd og talað um að hátíðin yrði hugsanlega með öðru sniði á næsta ári.

c)Inga Lilja beindi fyrirspurn til Indriða vegna Nora kerfisins þar sem greiðsluseðlar hafi ekki alltaf skilað sér í netbanka. Indriði upplýsti að verið væri að vinna að lausn.

d)Jóhann lét vita að þetta væri síðasti formannafundur hans og þakkaði samstarfið og voru honum þökkun vel unnin störf.

e)Auður vildi minna á að öll umræða sem á sér stað, þó að um einstaka deildir félagsins sé að ræða, sé í raun umræða um allt félagið og bað fundarmenn að íhuga það í allri umræðu.

Ekki fleira rætt,fundi slitið kl: 20.07.

E.Hekla Klemenzdóttir ritaði fundinn.